

## INNGANGUR

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í leikskólum Reykjavíkur var framkvæmd í október 2003. Til að taka þátt í könnuninni voru 28 leikskólar valdir af handahófi. Leikskólastjórar þeirra leikskóla sem urðu fyrir valinu voru beðnir um að senda inn starfsmannafjölda í sínum leikskóla. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjórum voru starfsmenn þessara 28 leikskóla 562 talsins.

Framkvæmd könnunarinnar var á þá leið að tveir starfsmenn starfsþróunardeildar fóru með spurningalistana út í leikskólana 28 og starfsmenn fengu 2-3 klukkustundir (1 dag ef þess var óskað) til þess að fylla út spurningalistann. Að þeim tíma liðnum voru spurningalistarnir sóttir. Framkvæmdin var með þessum hætti af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi til að flýta fyrir framkvæmd og í öðru lagi til að auka líkur á svörum frá sem flestum. Svör fengust frá 444 starfsmönnum og var svarhlutfallið því 79%.

Könnunin var alfarið unnin af starfsþróunardeild, allt frá hönnun spurningalistans til úrvinnslu gagna og skýrslugerðar. Tveir starfsmenn skrifstofu, þær Emilía Rafnsdóttir og Þórdís Þórisdóttir, aðstoðuðu við innslátt gagna og eiga þær bestu þakkir skilið fyrir það.

## ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Eins og fram kom hér að ofan voru þátttakendur alls 444. Hér koma frekari upplýsingar um úrtakið:

### Kynjaskipting:

|            | Fjöldi | Prósenta |
|------------|--------|----------|
| Konur      | 410    | 92%      |
| Karlar     | 29     | 7%       |
| Svara ekki | 5      | 1%       |
| Samtals    | 444    | 100%     |

### Aldursskipting

|                  | Fjöldi | Prósenta |
|------------------|--------|----------|
| 25 ára eða yngri | 90     | 20%      |
| 26-44 ára        | 273    | 62%      |
| 45 ára eða eldri | 73     | 16%      |
| Svara ekki       | 8      | 2%       |
| Samtals          | 444    | 100%     |

### Áttu börn á leikskólaaldri?

|            | Fjöldi | Prósenta |
|------------|--------|----------|
| Já         | 151    | 34%      |
| Nei        | 284    | 64%      |
| Svara ekki | 9      | 2%       |
| Samtals    | 444    | 100%     |

## Starfsheiti

|   | Fjöldi | Prósenta |
|---|--------|----------|
| Aðstoðarleikskólastjóri / deildarstjóri | 99     | 22%      |
| Leikskólakennari / önnur háskólamenntun | 79     | 18%      |
| Leiðbeinandi (Efling)                   | 224    | 50%      |
| Starfsfólk eldhúsa                      | 30     | 7%       |
| Svara ekki                              | 12     | 3%       |
| Samtals                                 | 444    | 100%     |

## Starfsaldur hjá LR

|                 | Fjöldi | Prósenta |
|-----------------|--------|----------|
| 1 ár eða skemur | 103    | 23%      |
| 2-3 ár          | 106    | 24%      |
| Lengur en 3 ár  | 226    | 51%      |
| Svara ekki      | 9      | 2%       |
| Samtals         | 444    | 100%     |

## Starfshlutfall

|                    | Fjöldi | Prósenta |
|--------------------|--------|----------|
| 100% starf         | 236    | 53%      |
| 75-99% starf       | 125    | 28%      |
| 74% starf og minna | 69     | 16%      |
| Svara ekki         | 14     | 3%       |
| Samtals            | 444    | 100%     |

## Hve lengi hyggst þú vinna hjá LR?

|                 | Fjöldi | Prósenta |
|-----------------|--------|----------|
| 1 ár eða skemur | 57     | 13%      |
| 2-3 ár          | 83     | 19%      |
| Lengur en 3 ár  | 254    | 57%      |
| Svara ekki      | 50     | 11%      |
| Samtals         | 444    | 100%     |

## Skipting eftir borgarhverfum

|                                  | Fjöldi | Prósenta |
|----------------------------------|--------|----------|
| Hverfi I: Miðbær/Vesturbær       | 83     | 19%      |
| Hverfi II: Laugardalur/Kringla   | 130    | 29%      |
| Hverfi III: Breiðholt/Árbær      | 132    | 30%      |
| Hverfi IV: Grafarvogur/Kjalarnes | 83     | 19%      |
| Svara ekki                       | 16     | 3%       |
| Samtals                          | 444    | 100%     |

## SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

**Vinnustaðurinn**

- Um 85% starfsmanna töldu starfsandann á vinnustað sínum vera mjög eða frekar góðan. Einungis um 4% töldu hann mjög eða frekar slæman.
- 71% starfsmanna var mjög eða frekar ánægður með vinnuaðstöðu sína. 16% voru hvorki ánægðir né óánægðir með hana og um 13% voru óánægðir með vinnuaðstöðu sína.
- 94% starfsmanna töldu að sér væri mjög eða frekar vel treyst í starfi af yfirmanni. Einungis tæp 2% töldu að sér væri ekki vel treyst af yfirmanni.
- 96% starfsmanna töldu að sér væri mjög eða frekar vel treyst af deildarstjóra. 4% töldu að sér væri ekki vel treyst af deildarstjóra.
- 97% starfsmanna töldu foreldra treysta þeim mjög eða frekar vel í starfi en enginn taldi sig ekki njóta trausts frá foreldrum.
- Um 91% starfsmanna var mjög eða frekar ánægður með starf sitt þegar á heildina er litið. Einungis 2% voru óánægðir.
- 79% starfsmanna voru mjög eða frekar óánægðir með laun sín. 13% voru hvorki ánægðir né óánægðir og 8% starfsmanna voru mjög eða frekar ánægðir.
- 62% starfsmanna höfðu mjög eða frekar góða afstöðu til Leikskóla Reykjavíkur, 32% voru hlutlausir og tæp 6% höfðu lélega afstöðu til stofnunarinnar.
- 75% starfsmanna töldu sig alltaf eða oftast fá fullnægjandi upplýsingar um það sem gerist innan vinnustaðar síns. 18% töldu sig stundum fá fullnægjandi upplýsingar, en 7% töldu sig sjaldan eða aldrei fá

fullnægjandi upplýsingar um það sem gerist á vinnustað.

**Samvinna og sveigjanleiki**

- 86% töldu að samstarf milli starfsmanna væri mjög eða frekar gott. 10% starfsmanna fannst samstarfið hvorki gott né slæmt en einungis 3% starfsmanna fannst samstarfið frekar slæmt.
- 86% starfsmanna fannst mjög eða frekar auðvelt að samræma vinnu og fjölskyldu-/einkalíf. Tæp 8% fannst það hvorki auðvelt né erfitt og tæp 6% fannst það erfitt.
- 67% starfsmanna töldu sig fá næga leiðsögn/handleiðslu í starfi. 16% starfsmanna sögðust ekki vita hvort þeir fengju næga handleiðslu og 17% starfsmanna sögðust ekki fá næga handleiðslu.
- Flestir sögðust fá handleiðslu frá fleiri en einum aðila eða 38%. 24% fengu handleiðslu frá leikskólastjóra og 23% fengu handleiðslu frá deildarstjóra.
- 32% sögðust oft fá hrós frá leikskólastjóra, 40% sögðust stundum fá hrós, 20% fengu sjaldan hrós og 8% sögðust aldrei fá hrós þegar vel tækist til í starfi.
- 34% sögðust oft fá hrós frá deildarstjóra, 47% stundum, 14% sjaldan og 5% aldrei.
- 24% sögðust oft fá hrós frá samstarfsmönnum sínum, 53% stundum, 19% sjaldan og 4% aldrei.
- 17% sögðust oft fá hrós frá foreldrum, 50% stundum, 24% sjaldan og 8% aldrei.
- 39% sögðust oft fá hrós frá börnunum, 43% stundum, 13% sjaldan og 7% aldrei.

**Pekking og frumkvæði**

- 80% starfsmanna töldu hæfni sína mjög eða frekar vel nýttá í starfi sínu. 17% töldu hæfni sína hvorki vel né illa nýttá en 3% töldu hana frekar illa nýttá.
- 44% sögðust oft og önnur 44% sögðust stundum hafa tækifæri til að koma hugmyndum varðandi starfsemina á framfæri, 11% sjaldan og einungis 1% aldrei.
- 64% starfsmanna fannst mjög eða frekar mikið tillit tekið til hugmynda þeirra. 27% töldu hvorki mikið né lítið tillit tekið til hugmynda þeirra en 10% starfsfólks fannst lítið tillit tekið til hugmynda þeirra.
- 64% starfsmanna upplifðu mjög eða frekar mikla starfsþróun í starfi sínu hjá Leikskólum Reykjavíkur. 27% upplifðu hvorki mikla né litla starfsþróun og 9% upplifðu litla starfsþróun.
- Um 80% starfsmanna höfðu farið í formlegt starfmannasamtal á sl. 12 mánuðum. 19% höfðu ekki átt formlegt starfsviðtal við yfirmann sinn.
- 71% þeirra sem fóru í starfsmannasamtal fannst samtalið gagnlegt. 25% fannst það hvorki gagnlegt né ógagnlegt og 4% fannst það ekki koma að gagni.
- 55% starfsmanna voru með virka símenntunaráætlun fyrir starf sitt en 28% höfðu ekki virka símenntunaráætlun. 17% voru með áætlun sína í vinnslu.
- 67% starfsmanna sóttu fræðslu á vegum Leikskóla Reykjavíkur veturinn 2002/2003. 33% sóttu enga fræðslu.
- 37% sóttu námskeið eða fyrirlestra á vegum annarra menntastofnana veturinn 2002/2003 en 63% sóttu enga

fræðslu á vegum annarra menntastofnana.


- 72% starfsmanna fannst fræðslan sem þeir sóttu á vegum stofnunarinnar hafa gagnast mjög eða frekar vel í tengslum við starf sitt. 21% fannst fræðslan hvorki hafa gagnast vel né illa og 7% fannst hún ekki gagnast nógu vel.
- 64% starfsmanna náðu þeim markmiðum sem þeir settu sér í símenntunaráætlun fyrir veturinn 2002/2003 að mestu eða að nokkru leyti. 17% voru enn að vinna í að ná markmiðum sínum.
- Þegar starfsfólk forgangsraðaði þeim þáttum sem því fannst skipta mestu máli í starfi settu flestir áhuga á börnum í 1. sæti. Í 2. sæti var ábyrgðarmikið starf, í 3. sæti góður starfsandi, í 4. sæti gott vinnuumhverfi, í 5. sæti hrós/þakklæti, í 6. sæti símenntun, í 7. sæti starfsöryggi, í 8. sæti hlunnindi og í 9. sæti laun.

**Heilsa og heilsuefling**

- 65% starfsfólks taldi sig að mestu eða að nokkru leyti geta unnið í þægilegum vinnustellingum. 27% töldu að aðeins væri að litlu leyti hægt að vinna í þægilegum vinnustellingum en 7% fannst ekki hægt að vinna í þægilegum vinnustellingum.
- 81% starfsmanna taldi sig hafa þekkingu á réttri líkamsbeitingu í starfi en 10% töldu sig ekki hafa þá þekkingu. 9% starfsmanna vissu ekki hvort þeir notuðu rétta líkamsbeitingu.
- 82% starfsmanna sögðu að starfinu fylgdi mjög eða frekar mikið andlegt álag. 14% töldu að starfinu fylgdi hvorki mikið né lítið andlegt álag og 4% töldu að starfinu fylgdi lítið andlegt álag.


## I. VINNUSTAÐURINN

Hvernig er starfsandinn á þínum vinnustað?




Starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur voru almennt ánægðir með starfsandann á vinnustað sínum. 85% starfsmanna fannst starfsandinn á vinnustað sínum mjög eða frekar góður.

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með vinnuaðstöðuna á þínum vinnustað þegar á heildina er litið?




Niðurstöður sýna að 71% starfsmanna var mjög eða frekar ánægður með vinnuaðstöðuna á vinnustað sínum þegar á heildina er litið. 16% tóku ekki afstöðu, 11% voru frekar óánægðir en einungis 2% voru mjög óánægðir með vinnuaðstöðu.

Telur þú að þér sé treyst í starfi af yfirmanni?




94% starfsmanna töldu að sér væri mjög eða frekar vel treyst í starfi af yfirmanni. Einungis 4% voru þeirrar skoðunar að sér væri sæmilega vel treyst af yfirmanni og 2% töldu sig njóta lítills trausts frá yfirmanni.

Telur þú að þér sé treyst í starfi af deildarstjóra?




Þegar spurt var um traust frá deildarstjóra töldu 96% starfsmanna að sér væri mjög vel eða frekar vel treyst.

Telur þú að þér sé treyst í starfi af foreldrum barnanna?




Starfsmenn voru einnig spurðir að því hvort þeir töldu að foreldrar barnanna treystu þeim í starfi. 97% starfsmanna töldu að foreldrar treystu þeim mjög eða frekar vel í starfi.

Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með starf þitt þegar á heildina er litið?




Mikill meirihluti starfsmanna var mjög eða frekar ánægður með starf sitt þegar á heildina var litið eða um 91%.

Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með laun þín miðað við laun fyrir sambærileg störf annars staðar?




Þegar fólk var spurt hvort það væri ánæggt eða óánæggt með launin voru niðurstöðurnar á þann veg að 79% starfsmanna voru mjög eða frekar óánægðir með laun sín. 13% voru hvorki ánægðir né óánægðir og 8% starfsmanna mjög eða frekar ánægðir.

Hver er afstaða þín almennt til Leikskóla Reykjavíkur, þ.e. stofnunarinnar í heild?



Afstaða starfsmanna til Leikskóla Reykjavíkur var almennt frekar góð en þó voru nokkuð margir hlutlausir í afstöðu sinni. 62% starfsmanna höfðu mjög eða frekar góðu afstöðu til stofnunarinnar en 32% voru hlutlausir.


Telur þú þig fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan þíns vinnustaðar og snertir starf þitt?



Af þeim sem svöruðu töldu 75% starfsmanna sig alltaf eða oftast fá fullnægjandi upplýsingar um það sem gerist innan vinnustaðarins. 18% töldu sig stundum fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast, en einungis 7% töldu sig sjaldan eða aldrei fá fullnægjandi upplýsingar um það sem gerist á vinnustaðnum.


## II. SAMVINNA OG SVEIGJANLEIKI

Hvernig finnst þér samstarf vera á milli starfsmanna á þínum vinnustað?



Meirihluti starfsmanna eða 86% töldu að samstarf milli starfsmanna væri mjög eða frekar gott. 10% starfsmanna fannst samstarfið hvorki gott né slæmt en einungis 3% starfsmanna fannst samstarfið frekar slæmt.

Finnst þér almennt auðvelt eða erfitt að samræma fjölskyldulíf/einkalíf við starf þitt og vinnutíma?




Niðurstöður sýna að 86% starfsmanna Leikskóla Reykjavíkur fannst mjög eða frekar auðvelt að samræma vinnu og fjölskyldulíf/einkalíf.


Telur þú þig fá næga leiðsögn / handleiðslu í starfi?



67% starfsmanna töldu sig fá næga leiðsögn/handleiðslu í starfi en 17% starfsmanna töldu sig ekki fá næga leiðsögn/handleiðslu í starfi sínu.



Þegar spurt var frá hverjum handleiðslan kæmi kom í ljós að flestir fengu handleiðslu frá fleiri en einum aðila (ýmsum) eða 38%. 24% sögðust fá handleiðslu frá leikskólastjóra og 23% frá deildarstjóra. Undir *aðra* fellur utanaðkomandi handleiðsla (t.d. frá ráðgjöfum) en 3% fá handleiðslu frá utanaðkomandi aðilum.



Þegar spurt var um hrós frá **leikskólastjóra** sögðust 32% oft fá hrós, 40% stundum, 20% sjaldan og 8% töldu sig aldrei fá hrós þegar vel tækist til í starfi.


34% sögðust oft fá hrós frá **deildarstjóra**, 47% stundum, 14% sjaldan og 5% töldu sig aldrei fá hrós frá deildarstjóra þegar vel tækist til í starfi.

24% sögðust oft fá hrós frá **samstarfsmönnum** sínum, 53% stundum, 19% sjaldan og 4% aldrei. 17% sögðust oft fá hrós frá **foreldrum**, 50% stundum, 24% sjaldan og 8% aldrei.

Þegar spurt var um hrós frá **börnunum**, sögðust 39% oft fá hrós frá börnunum, 43% stundum, 13% sjaldan og 7% aldrei.


## III. ÞEKING OG FRUMKVÆÐI

Telur þú að hæfni þín sé vel eða illa nýtt í þínu starfi?




Um 80% starfsmanna töldu að hæfni sín væri mjög vel eða frekar vel nýtt í starfi sínu hjá Leikskólum Reykjavíkur. 17% töldu hæfni sína hvorki vel né illa nýtt í starfi en einungis 3% töldu hana frekar illa nýtt.

Hefur þú tækifæri til að koma hugmyndum varðandi starfsemina á framfæri?




Þegar starfsmenn voru spurðir hvort þeir hefðu tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri, töldu 44% sig oft og önnur 44% sig stundum hafa tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri, 11% sjaldan og einungis 1% aldrei.

Finnst þér mikið eða lítið tillit tekið til hugmynda þinna varðandi starfsemina?




Þegar spurt var hvort tillit væri tekið til hugmynda starfsmanna varðandi starfsemina, töldu 64% starfsmanna að mjög eða frekar mikið tillit væri tekið til hugmynda þeirra. 27% töldu hvorki mikið né lítið tillit tekið til hugmynda þeirra. 10% starfsfólks fannst frekar lítið eða mjög lítið tillit tekið til hugmynda þeirra.

### Upplifir þú starfsþróun?




Í starfsþróun felst að starfsmenn læri ný vinnubrögð og nýjar aðferðir og takist á við ný og/eða breytt verkefni sem gefa þeim möguleika á að þroskast í starfi. 64% starfsmanna upplifðu mjög eða frekar mikla starfsþróun í starfi sínu hjá Leikskólum Reykjavíkur. 27% upplifðu hvorki mikla né litla starfsþróun og 9% upplifðu litla starfsþróun í starfi.

### Hefur yfirmaður þinn átt við þig formlegt starfsmannasamtal sl. 12 mánuði?



Um 80% starfsmanna höfðu farið í formlegt starfsmannasamtal á sl. 12 mánuðum. 19% höfðu ekki átt formlegt starfsviðtal við yfirmann sinn. Ætla má að stór hluti þeirra sem ekki höfðu farið í starfsviðtal á sl. ári séu nýliðar sem enn eiga eftir að fara í viðtal.

### Hversu gagnlegt fannst þér starfsmannasamtalið?



Af þeim sem höfðu farið í starfsviðtal fannst 71% starfsmannasamtalið gagnlegt. 25% fannst það hvorki gagnlegt né ógagnlegt og 4% fannst viðtalið ekki koma að gagni.

Ert þú með virka símenntunaráætlun fyrir starf þitt?




Niðurstöður sýna að 55% starfsmanna voru með virka símenntunaráætlun fyrir starf sitt en 28% höfðu ekki virka símenntunaráætlun. 17% starfsmanna sögðu að símenntunaráætlun sín væri í vinnslu.

Sóttir þú einhverja fræðslu hjá LR í tengslum við markmið símenntunaráætlunar þinnar veturinn 2002/2003?




67% starfsmanna sóttu einhverja fræðslu á vegum Leikskóla Reykjavíkur veturinn 2002/2003. 33% sóttu enga fræðslu.

Sóttir þú einhverja fræðslu annars staðar í tengslum við markmið símenntunaráætlunar þinnar veturinn 2002/2003?




Mínna var um að starfsfólk sækti fræðslu utan stofnunarinnar. 37% sóttu námskeið eða fyrirlestra á vegum annarra menntastofnana veturinn 2002/2003. 63% sóttu enga fræðslu hjá öðrum menntastofnunum

Fannst þér námskeiðin/fyrirlestrarnir sem þú sóttir á vegum LR hafa gagnast vel í tengslum við starf þitt?




Meirihluti starfsmanna eða 72% fannst fræðslan sem þeir sóttu á vegum Leikskóla Reykjavíkur hafa gagnast mjög eða frekar vel í tengslum við starf sitt í leikskólum. 21% fannst fræðslan hvorki hafa gagnast vel né illa og 7% fannst hún ekki hafa gagnast nógu vel.

Náðir þú þeim markmiðum sem þú settir þér í símenntunaráætlun fyrir veturinn 2002/2003?




64% starfsmanna náðu þeim markmiðum sem þeir settu sér í símenntunaráætlun sinni fyrir veturinn 2002/2003 að mestu eða að nokkru leyti. 17% starfsmanna voru enn að vinna í að ná markmiðum sínum.



Starfsfólk var beðið um að forgangsraða þeim þáttum sem því finnst skipta mestu máli í starfi og gefa þáttunum einkunn frá 1-9. Flestir settu áhuga á börnum í 1. sæti. Í 2. sæti var ábyrgðarmikið starf, í 3. sæti góður starfsandi, í 4. sæti gott vinnuumhverfi, í 5. sæti hrós/pakklæti, í 6. sæti símenntun, í 7. sæti starfsöryggi, í 8. sæti hlunnindi og í 9. sæti laun.


## IV. HEILSA OG HEILSUEFLING

Er aðstaðan á leikskólanum þínum þannig að hægt sé að vinna í þægilegum vinnustellingum?




Rúmum meirihluta starfsmanna eða 65% fannst aðstaða á vinnustað leyfa að þeir gætu að mestu leyti eða að nokkru leyti unnið í þægilegum vinnustellingum. 27% taldi aðstöðuna aðeins að litlu leyti bjóða upp á að hægt væri að vinna í þægilegum vinnustellingum en 7% fannst að engu leyti hægt að vinna í þægilegum vinnustellingum.

Hefur þú þekkingu á réttri líkamsbeitingu í starf?



81% starfsmanna Leikskóla Reykjavíkur hafði þekkingu á réttri líkamsbeitingu í starfi en 10% höfðu ekki þá þekkingu. 9% starfsmanna vissu ekki hvort þeir hefðu þekkingu á réttri líkamsbeitingu.

Telur þú að starfi þínu fylgi mikið eða lítið andlegt álag?



Þegar starfsmenn voru spurðir hvort þeir teldu að starfinu fylgdi mikið eða lítið andlegt álag, töldu 82% að starfinu fylgdi mjög eða frekar mikið andlegt álag. 14% töldu að starfinu fylgdi hvorki mikið né lítið andlegt álag og 4% töldu að starfinu fylgdi mjög eða frekar lítið andlegt álag.

## V. OPNAR SPURNINGAR

Tvær spurningar í viðhorfskönnuninni voru opnar og gáfu starfsmönnum svigrúm til svara með eigin orðum. Annars vegar var spurt hvers vegna þeir hefðu ekki náð þeim markmiðum sem sett voru í símenntunaráætlun og hins vegar í hverju andlegt álag sem fylgdi vinnunni fælist helst.

Fáir starfsmenn svöruðu því hvers vegna markmið símenntunaráætlunar náðust ekki. Dæmi um það sem nefnt var:

- Námskeið við hæfi voru ekki í boði
- Varð að sleppa námskeiði vegna vinnu
- Komst ekki á námskeið
- Leikskólar Reykjavíkur mættu bjóða upp á fleiri námskeið ætluð ófaglærðu starfsfólki
- Er nýlega byrjuð að vinna

Heldur fleiri svöruðu spurningunni um það í hverju andlegt álag í leikskóla fælist helst. Nokkur dæmi um það sem oftast var nefnt:

- Mikill hávaði (oftast nefnt)
- Mikið álag
- Mannekla, undirmönnun, mikil veikindi skapar aukið álag á þá sem eru til staðar
- Mikil ábyrgð
- Mikill grátur
- Stöðugt áreiti allan daginn, aldrei friður
- Of mörg börn á deild og þ.a.l. of mörg börn á starfsmann
- Skipulagsleysi
- Félagsleg vandamál fjölskyldna barnanna skapar mikið álag
- Maður þarf að gefa mjög mikið af sér, batteríð búið þegar maður kemur heim
- Að vinna með börnum með þroskafrávik og sérþarfir – sérstaklega erfitt með stórar deildir
- Samskipti við foreldra, erfið foreldraviðtöl
- Starfið reynir bæði á líkamlegu og andlegu hliðina
- Skipulag húsnæðis, of mörg börn í litlu rými
- Mjög miklar kröfur gerðar

Í lokin var starfsmönnum boðið að koma á framfæri öðru sem ekki var spurt um í könnuninni. Dæmi um nokkur atriði sem nefnd voru:

- Óánægja með laun (oftast nefnt).
- Þetta er skemmtileg vinna í heildina en illa borguð og of mikið álag á starfsmenn.
- Þyrfti að bæta vinnuaðstöðu.
- Alltof fátt starfsfólk, ástandið versnar þegar mikil veikindi eru.
- Þar sem Leikskóla Reykjavíkur er orðið stórt “batterí” og alltaf koma yngri börn sem oft dvelja allt að 8-9 tíma þarf að huga að því hvernig á að halda í starfsfólk þá m.t.t. aðstöðu, hlunninda og launa.

- Þarf að huga vel að því hvort ekki sé tímabært að endurskoða úthlutun stuðningstíma fyrir fötluð börn, ekki aðeins fjöldi tímana heldur “afslátt” á heildarbarngildum.
- Mér finnst vera rosalega mikil veikindi eða vesen á starfsfólki hérna og fáir sem mæta alltaf. Mér datt í hug að starfsfólk sem er með 100% mætingu á mánuði fengi 10% bónus á launin sín.
- Endilega að koma því á framfæri að það verði upprifjun einu sinni á ári í slysavörnum, slys á börnum í hverjum leikskóla, það er ekki nóg að 2-3 starfsmenn kunni að bregðast við ef slys ber að höndum. ALLIR sem vinna í leikskólum þurfa að kunna það.
- Það er mjög gott starf sem verið er að vinna í leikskólunum. Það sem mér finnst “erfiðast” er að mér þykir oft sem öll mín orka fari í annarra manna börn og þegar heim er komið þá fái mín börn ekki þá athygli, þolinmæði, hvatningu sem ég vil veita þeim. Þess vegna er ég óviss um framtíð mína í starfi með börnum.
- Leikskólar Reykjavíkur hafa hlúið vel að starfsmönnum sínum og boðið upp á góð námskeið. Og ég er það heppin að í mínum leikskóla er mikið um að sömu starfsmenn hafi unnið lengi saman.
- Finnst að fleiri tækifæri eins og t.d. 100 stunda Eflingarnámskeið mættu vera oftar á ári. Líka að fólk sem lengi hefur unnið á leikskóla eiga að geta hækkað í launum öðruvísi en að þurfa að fara á námskeið Eflingar.
- Frábær vinna – frábært starfsfólk – mjög bætt þjónusta hjá LR. Ánægð með þær framfarir sem hafa orðið í leikskólaumhverfinu en launin eru til háborinnar skammar.
- Það þarf að koma með samskiptanámskeið fyrir alla starfsmenn. Þar sem farið er í gegnum mannleg samskipti, hvernig á að koma með gagnrýni á jákvæðan máta þannig að hægt sé að vinna í sameiningu að áframhaldandi faglegri vinnu með börnunum.
- Símenntunaráætlun mjög góð en það þarf að reikna með afleysingu á meðan. Fleira starfsfólk – undirmannað á meðan kaffitímar starfsfólks eru og ef fleiri en einn starfsmaður er veikur þá er mikið álag. Kröfur sem LR gera eru ekki í samræmi við starfsmannafjölda. Við eigum að vinna metnaðarfullt starf oft á tíðum undirmannaðar með ófaglærðum starfsmönnum.
- Mætti gefa heilsustyrk óháð því hvernig líkamsræktarkort er keypt, slæmt að hafa ekki val um að kaupa 3ja mánaða kort í stað árskorts.
- Vantar allan hlífðarfatnað, útiföt og hlífðarföt í málningu og alla aðra vinnu hér.